

FRAMSALSEYÐUBLAÐ
- FYRIR HLUTI Í SKIPTUM HF. -

Nafn hluthafa

Kennitala

Heimilisfang

Póstnúmer og staður

Sími

Land

Ofangreindur aðili (hér eftir einnig nefndur „hluthafinn“) á eftirtalinn fjölda hluta í Skiptum hf., kennitala 460207-0880, samkvæmt hlutaskrá félagsins:

Fjöldi hluta í Skiptum hf. (hér eftir nefndir „hlutirnir“)	x	6,64 kr. Innlausnarverð fyrir hvern hlut	=	Samtals innlausnarverð
---	---	--	---	------------------------

Með undirritun sinni á framsalseyðublaði þetta framselur hluthafinn alla hluti sína í Skiptum hf., sem tilgreindir eru hér að ofan, til Exista hf., kennitala 610601-2350, (hér eftir einnig nefnt „framsalshafi“) á verðinu 6,64 kr. á hvern hlut sem greitt verður með hlutum í Exista hf. þar sem hver hlutur í Exista hf. er verðlagður á 10,1 krónu. Eru því greiddir 0,6574 hlutir í Exista hf. fyrir hvern hlut í Skiptum hf., í samræmi við ákvæði tilkynningar um innlausn (hér eftir einnig nefnd „tilkynningin“) sem er meðfylgjandi þessu framsalseyðublaði. Greiðsla kaupverðs er háð því að þær upplýsingar, sem farið er fram á í framsalseyðublaði þessu, séu nákvæmar og fullnægjandi.

Hluthafinn staðfestir að hann hefur mótttekið öll nauðsynleg skjöl, þ.m.t. tilkynninguna, og samþykkir skilmála hennar. Þar að auki lýsir hluthafinn því yfir að hann sé löglegur eigandi hlutanna og að hlutirnir séu kvaða- og veðbandalausir og heimilar framsalhafa og Kaupþingi banka hf. að kanna hvort eignaskiptin geti farið fram í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Í framsali hluthafa felst jafnframt heimild til Kaupþings banka hf. að annast milligöngu viðskiptanna með hluti í Skiptum hf. sem eru rafrænt skráðir hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf., þ.m.t. óska eftir millifærslu hlutanna af vörslusafni hluthafa hjá reikningsstofnun á tímabundið vörslusafn hjá Kaupþingi banka hf., þaðan sem hlutirnir verða fluttir á vörslusafn Exista hf. Gagngjald fyrir hlutina verður flutt á það vörslusafn sem hlutirnir í Skiptum hf. voru sóttir.

Hlutirnir í Skiptum hf. eru skráðir á VS reikning hjá neðangreindri reikningsstofnun (vinsamlegast hakið við viðeigandi reit):

- | | | |
|---|--|---|
| ☐ Byr sparisjóður | ☐ Kaupþing banki hf. | ☐ SPRON |
| ☐ Glitnir banki hf. | ☐ Landsbanki Íslands hf. | ☐ Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki hf. |
| ☐ Íslensk verðbréf hf. | ☐ MP Fjárfestingarbanki hf. | ☐ VBS Fjárfestingarbanki hf. |
| | Önnur reikningsstofnun: | ☐ |

Eigi hluthafinn ekki VS reikning, þar sem hlutirnir eru skráðir, felur framsal þetta í sér að ráðgjafar Kaupþings banka hf. megi hafa samband við hluthafann vegna stofnunar vörslusafns svo unnt verði að framselja og flytja hlutina og viðhafa aðrar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna framsalsins.

Kaupverð hlutanna verður greitt 2. júlí 2008. Sem greiðslu fyrir ofangreinda hluti í Skiptum hf. fær hluthafinn neðangreindan fjölda hlutabréfa í Exista hf. afhentan á vörslureikning. Hluthafi ber ábyrgð á því að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun sem framsalshafi getur fært greiðsluna inn á.

Fjöldi hluta í Skiptum hf.	x	0,6574 Skiptigengi	=	Fjöldi hluta í Exista hf.
----------------------------	---	-----------------------	---	---------------------------

Hluthafinn staðfestir að honum hafi með skilmerkilegum hætti verið kynnt að Kaupþingi banka hf. sé óskýlt að meta hvort viðskiptin séu viðeigandi fyrir hann og að hann njóti því ekki þeirrar verndar sem í slíku mati felst samkvæmt 16. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Um innlausnina og framsal þetta gilda íslensk lög. Rísi ágreiningur um innlausnina eða framsal þetta skal skorið úr þeim ágreiningi fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Vilji hluthafinn framselja hlutina skal hann rita nafn sitt hér að neðan því til staðfestingar. Vinsamlegast athugið að hluthafinn verður að undirrita samþykki þetta í votta viðurvist og mega vottar ekki vera undir 18 ára aldri.

Framsalseyðublaði þessu þarf að skila, rétt útfylltu, til fyrirtækjaráðgjafar Kaupþings banka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík, fyrir kl. 12 á hádegis þann 2. júlí 2008.

Staður og dagsetning

Undirskrift

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og fjárræði:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala